

Þagnarskylda presta

Innlegg á málþingi Rannsóknarstofnunar
Ármanns Snævarr

Haldið 1 september 2010 í Lögbergi

Sr. Gunnar Rúnar Matthíasson

Afstaða til tilkynningarskyldu barnaverndarlaga

Yfirlýsing frá biskupi Íslands um tilkynningaskyldu presta

Fyrirmæli barnaverndarlaga taka af öll tvímæli um tilkynningaskyldu presta að hún gengur framur ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu. www.kirkjan.is 21.08.2010

Reglur um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar

Nr 739/1998

- Úr 6. grein Eigi barn eða börn í hlut, skal talsmaður eða sá sem hefur vitneskju um ætlað kynferðisbrot, gegna skilyrðislausri tilkynningarskyldu til hlutaðeigandi barnaverndarnefndar.

Nr 955/2009

- **2. gr.** Ef meint kynferðisbrot varðar barn, skal talsmaður eða sá sem hefur vitneskju um ætlað kynferðisbrot, gegna skilyrðislausri tilkynningaskyldu til hlutaðeigandi barnaverndarnefndar sbr. 16. og 17. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Afstaða biskups áréttuð eftir grein sr Geirs Waage um skriftarmál mbl 21.08.2010

- **Sr Geir:** “Leynd er forsenda skrifta. Hún er algjör eða engin. Prestur má því aldrei taka sjér það vald að bera í aðra, svo sem yfirvöld, það sem hann áskynja við skriftir. ...það er afar þungbært hlutskipti að hlýða skriftum.” Mbl 21.08.2010
- **Hr Karl:** Þó að presturinn sé bundinn trúnaði sem hann má ekki bregðast, þá getur skriftarbarnið ekki bundið samvisku prestsins. Íslensk lög og kirkjuréttur hafa gengið út frá því um langan aldur. Presti sem verður áskynja í skriftum að lífi eða heill annarra er ógnað er skyldugt að leiða viðkomandi fyrir sjónir að honum beri skylda til að koma í veg fyrir það og að prestinum sé skylt að tilkynna slíkt ef viðkomandi gerir það ekki sjálfur. Karl Sigurbjörnsson. www.kirkjan.is 21.08.2010 /Yfirlýsing frá biskupi Íslands um tilkynningaskyldu presta

Aðeins meira af Geir Waage

- 23. ágúst segir GW í grein í Mbl: Augljóst er, að á prestum hvílir sú meginskylda að verja þá sem varnarlausir eru. Eitt það úrræði sem við prestar höfum til þess að hjálpa brotapolum, er að geta talað við brotamenn í trúnaði og þannig reynt að hjálpa þeim til að gangast við brotum sínum og láta af þeim. ...

...Hugleiðingar um tilkynningarskyldu presta, sje þeim trúað fyrir hinum alvarlegustu glæpum, hafa hins vegar litla raunhæfa þýðingu, því án trúnaðar verður þeim aldrei trúað fyrir nokkru. GW-Mbl 23.08.2010

- 25 ágúst kom síðan tilkynning á heimasíðu kirkjunnar eftir fund GW með biskupi um að GW muni hér eftir sem hingað til hlýta tilkynningaskyldu

En hvaðan sprettur þessi deila

- Algjör trúnaðarskylda presta um það sem þeim er trúað fyrir í sálgæslu sinni (skriftum, viðtölum eða öðru) hefur verið haldinn í heiðri alla tíð kirkjunnar og í öllum kirkjudeildum
- Erlendis er hún víða virt og undanþegin ákvæðum laga og dóma. *Prestar og heilu samfélögin hafa lagt mikið upp úr algerri trúnaðarskyldu*

Hér á Íslandi höfum við farið aðra leið í tilvikum barna. Lög 80/2002

- Úr 17. grein : Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.
- *Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framár ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.*

Hald hefðar og vana

Handbók presta frá 1981

- “Prestur skal gæta þess, að enginn sé til áheyrnar annar en hann sjálfur. Undir engum kringumstæðum má prestur greina frá því, er honum er tjáð í skriftum, hvorki bent né óbeint svo sem með óljósri vísbendingu í predikun eða samtali”. bls 121 úr inngangi að kafla um skriftir
- Flestir prestar landsins eru menntaðir og þjálfaðir undir þessari ríku kvöð.

Hagur þagnarskyldu

- Þagnarskyldan ver möguleika fólks til að opna sig um þungbær eða alvarleg atvik og reynslu
 - Það er leysandi að greina öðrum frá
 - Það er oft forsenda þess að gangast við því sem viðkomandi hefur gert
 - Þagnarskyldan getur gefið rými til heiðarlegrar endurreisnar með viðurkenningu og möguleika til etv megi græða brotin tengsl með sannleika en amk virða sár þeirra sem þolað hafa.

Undantekningar þagnarskyldu

- Þegar lífi, limum, velferð og öryggi þriðja aðila er ógnað
- Þegar lífi, limum og öryggi skjólstæðings sjálfs (skriftarbarns) er ógnað
- Þegar skjólstæðingur (skriftarþegi) samþykkir að þagnarskylda sé leyst.

Rök með algerri þagnarskyldu

- GW sagði, ef ekki er alger trúnaður þá er ekki trúað fyrir neinu.
- Það er mikilvægt að allir eigi þann möguleika að byrja að losa um það sem þau ekki valda, byrja að tjá sig um eigin brot og vanda til að geta fikrað sig til sannleikans, komið út úr læstu öngviti sálar sinnar. *Þarna hefur gildi skrifta verið þyngst í hefðinni, og þarna liggur klemma margra sem þó hlíta lögum.*